

WJÓRI

3. ÁRG. 1. TBL. ÁGÚST 1982.



FRÁ RITSTJÓRA

Efni LJÓRA er að þessu sinni að mestu helgað gömlum ljósmyndum og ljósmyndasöfnun. Menningarsögulegt gildi ljósmyndarinnar er löngu viðurkennt og með nokkru sanni má segja, að á ljósmyndum séu geymdar margar af dýrmætustu heimildum okkar um verkmenningu, aðbúnað fólks og þróun byggðar í landinu á síðustu 100 árum.

Hér á landi hófst söfnun ljósmynda á vegum Þjóðminjasafnsins fyrir en í mörgum öðrum löndum, og naut þar framsýni Matthíasar Þórðarsonar, þáverandi Þjóðminjavarðar.

Því miður hefur ekki verið hægt að fylgja eftir því merka brautryðjendastarfi sem skyldi á síðari árum og áratugum, fremur en mörgum öðrum nauðsynlegum verkefnum safnsins. Ræður þar mestu hið furðulega tómlæti viðkomandi yfirvalda á málefnum safnsins og minjavörslu almennt. Kröfurnar sem gerðar eru til safnsins aukast stöðugt. Fjárfraðlög minnka stöðugt hlutfallslega. Það er ekki nema von, að gagnrýnisraddir um starfsemi safnsins séu orðnar almennar. Fólk tekur það sem merki um áhugaleysi þegar ekki er tími til að sinna einmitt þeirra fyrirspurn.

Ljósmyndadeildin er sú „deild“ Þjóðminjasafnsins sem langmest er leitað til. Þegar hún getur ekki veitt þá þjónustu sem fólk vill fá, þá leitar það einfaldlega til þeirra sem geta boðið betur. Þannig má segja að stofnun Ljósmyndasafnsins sé rökrétt afleiðing af fjársveldi Þjóðminjasafnsins, því að vafasamt er að Ljósmyndasafnið hefði verið stofnað ef ljósmyndadeild Þjóðminjasafnsins hefði haft tök á að sinna sínum verkefnum samkvæmt kröfum nútímans.

Þó að sumir hafi orðið til að gagnrýna Ljósmyndasafnið, er samt full ástæða til þess að óska aðstandendum safnsins til hamingju með stórkostlegan árangur á sviði ljósmyndasöfnunar. Vonandi verður smám saman hægt að jafna þann ágreining sem nú ríkir milli Ljósmyndasafnsins og Þjóðminjasafnsins, og að góð samvinna geti tekist þar á milli. Markmiðin eru jú hin sömu: Að bjarga, varðveita og sýna.

Guðmundur Ólafsson

Forsíðumynd:

Á mótum Lækjargötu og Austurstrætis undir lok þriðja áratugarins.

Ljósmynd þessi er ein af ótalmörgum panoramamyndum sem Magnús Ólafsson tók á árunum 1920-1930. Kópía: Ljósmyndasafnið

SVIPMYNDIR ÚR ÍSLANDSFERÐ

Halldór J. Jónsson

Maður er nefndur Frederick Valiant Cotton Livingstone-Learmonth, fæddur í Ástralíu 1862, d. 1945. Hann stundaði háskólanám í Cambridge, en gerðist að því loknu landnemi og fjárbóndi í heimlandi sínu. Hann tók þátt í Búastríðinu sem liðsforingi í ástralskri hersveit. Seinna varð hann bankastjóri Astralasianbankans og forystumaður ástralskra búnaðarsamtaka.

Á þrítugsaldri lagði Livingstone-Learmonth leið sína á norðurslóðir, kom til Íslands í ágúst 1887 með vest-

urfaraskipinu Camoëns og ferðaðist nokkuð um suðvestanvert landið. Dagbók hélt hann á ferðalaginu.

Í bréfi til myndadeildar Þjóðminjasafnsins frá Ingu Láru Baldvinsdóttur, dags. 15. sept. 1981, segir hún meðal annars:

„Á nýafstöðnu ferðalagi um Kanada gerði ég lauslega könnun á íslensku myndefni í helstu myndasöfnum þess lands. Afrakstur var minni en mig hafði dreymt um, sérstaklega meðal Vestur-Íslendinga, og eins og oft kom fengurinn úr óvæntri

„Bærinn í Krýsuvík.“ — Á myndinni sést líka litla timburkirkjan sem enn stendur á bæjarhólnum og nú er eign Þjóðminjasafnsins.





„Gamla og unga Ísland. Sýslumannsfjölskylda í Krýsuvík.“ — Í Krýsuvík bjó þá Árni Gíslason (1820-1898) sýslumaður sem fluttist þangað frá Kirkjubæjarklaustri 1880 og átti þar heima til dauðadags. Til samanburðar við eftirfarandi lýsingu má geta þess að samtíðarmenn bera Árna vel söguna; í Minningabók sinni segir Þorvaldur Thoroddsen til dæmis að hann sé „fróður og skemmtinn“. Hann var talinn mikill búhöldur.

átt. Í ofanefndu safni [þ.e. Public Archives Canada í Ottawa] leyndist 25 mynda syrpa tekin á Íslandi 1887. Skrá um myndefni fylgir. ...Dagbók úr ferðalaginu var einnig varðveitt í safninu í handritadeild þess...“

Það sem Inga Lára á hér við er einmitt dagbók Livingstone-Learmonth úr Íslandsferðinni og myndirnar sem ferðafélagi hans, Ferryman höfuðsmaður, tók á ferðalaginu. Inga Lára gekkst fyrir því að myndadeild Þjóðminjasafns eignaðist kopíur af flestum myndanna, eða öllum þeim sem verulegt heimildargildi hafa fyrir Íslendinga. Einnig eignaðist safnið

fyrir hennar atbeina ljósrit af dagbókinni, og gefur hún myndunum aukid gildi, því þar segir víða frá tildrögum að myndatökunum.

Dagbókin er alls ekki óskemmtileg lesning, því að höfundurinn á það til að bregða upp líflegum svipmyndum af atvikum og persónum, svo sem Sigríði Magnússon, konu Eiríks Magnússonar, bókavarðar í Cambridge, en hún var þeim félögum samskipa til Íslands. Hins vegar gætir víða misskilnings og fordóma. Það leynir sér ekki að höfundurinn lítur mjög niður á Íslendinga, telur þá ekki siðmenntað fólk og hæðist meðal



„Bær við rætur Heklu. Hekla í baksýn.“

annars að sjálfstæðisbaráttu þeirra.

Livingstone-Learmonth hefur uppi afsakanir miklar fyrir því að myndirnar skuli ekki vera betri. Menn verði að hafa í huga að það hafi orðið að flytja plöturnar langar leiðir á klyfjahestum áður en þær voru framkallaðar, en það var ekki gert fyrr en til Englands kom. Á bóndabæjunum hafi ekki verið hægt að komast í nógu dimm herbergi til að skipta um plötur. Sumar myndirnar séu ekki í fókus af því að myndavélarfóturinn hafi leikið á reiðiskjálfi vegna hvassviðris. Þá hafi stundum verið svo dimmt yfir að myndir séu gráar af þeim sökum, og loks segir hann að sá sem framkallaði þær hafi kastað höndum til verksins. En sé tekið tillit til alls

þessa, megi óska Capt. Ferryman til hamingju með árangurinn!

Hér verða birtar fjórar myndanna og nokkrar glefsur úr dagbókinni látnar fylgja með til skýringar, lauslega þýddar.


17. ágúst. Bóndabærinn þar sem við gistum í nótt sem leið er timburhús, — það er að segja, stafnarnir eru úr timbri og einnig tvö herbergi í fram-bænum. Aftari húsin eru úr torfi og þökin líka, og allt eru þetta notalegri húsakynni en maður á von á í „Ultima Thule“. Þetta var besti bærinn sem varð á vegi okkar á flakkinu, og skyldu Íslandsfarar varast að taka þennan bæ sem mælikvarða á það sem þeir eiga í vændum. Á sléttlend-

inu eða í dalnum þar sem bærinn stendur er góður og djúpur jarðvegur, þétt gróinn lágu grófu grasi, kargabýfður og mjög framræslu þurfi. Ræktun er engin nema kálgarður með venjubundnum kartöflum og rófum, sem ekki eru efnilegar, og heyja „baráttu fyrir tilverunni“ við alls konar gróskumikið illgresi...

19. ágúst. Gestgjafi okkar í Krýsuvík var hreinasta perla. Nafn hans sem við heyrðum nefnt, var ekki fram berandi og verður því ekki tilgreint. Eins og títt er um roska Íslendinga eyðir hann tímanum í algeru iðjuleysi — samt nýtur hann ánægjunnar af virðingunni sem fylgir því að vera fyrrverandi yfirvald og finnur dálítið til sín á sinn hátt. Þegar hann tekur á móti okkur er hann í svörtum lafafrakka vel sniðnum og látlausum, en allar aðrar flíkur sem hann klæðist eru tötralegar og í samræmi við hraunið í kring; á andliti hans er sí og æ tómlegt bros, undantekningarlaust er hann með hendur í buxnavösum. Ég ímynda mér að núna séu þær grónar við líkamann. Hann virðist ekki hafa annað fyrir stafni en ganga inn og út um bæinn, og fer aldrei lengra en tuttugu skref í burtu og þannig virðist hann drepa tímann „en attendant que le temps le tue“ [meðan hann bíður eftir að tíminn drepri hann]. Við sendum heimilisfólkinu boð um að Ferryman, sem hafði meðferðis plötumyndavél með öllu tilheyrandi, óskaði eftir að taka mynd af því fyrir framan bæinn og Pétur [Íslenski leiðsögumaðurinn] kom til baka með þau skilaboð að „húsbóndinn vildi þvo sér, hvort Ferryman vildi bíða í hálf tíma?“ Við töldum þann tíma alls ófullnægjandi

til að ná tilætluðum árangri, svo að Ferryman sagði að þar sem gestgjafi okkar væri svo tigninn maður gæti hann sleppt öllu stærilæti og látið allt tilhald lönd og leið — vildi sem sagt taka mynd af honum með stríðsmálninguna. Afrekið var brátt unnið, tvær myndir voru teknar. Fjölskyldan var í sparifötunum og vildi endilega taka í höndina á okkur. Þetta var indælt þótt við Ferryman gætum tæplega varist brosi; þau litu bersýnilega á þetta sem afar mikið alvörumál. Alltaf þegar Ferryman tók myndir á bæjum þar sem við dvöldum lofaði hann að senda fólkinu myndir frá Englandi, og þegar þetta var túlkað vakti það auðsjáanlega ómælda ánægju.

23. ágúst. Þegar lítið eitt lengra var haldið komum við að litlum bóndabæ við rætur Heklu. Þar sem veður var gott höfðum við gott útsýni til fjallsins sem er ekki tilkomumikið. Hekla ris upp af sléttunni, breið svört keila með engan hvassan tind en fimm smærri keilur, og eru fjórar þeirra umhverfis gíginn, en ein sem er norðaustanvert myndar hæsta hnúkinn. Enginn gróðurvottur dregur úr tilbreytingarleysi þessa svarta hrauns, en snjófannirnar lifga smávegis upp á endalausar sorta hraunstorkunnar. Hekla sjálf hverfur í skuggann af nálægum fjöllum sem eru hærri og sæmd nöfnum sem ekki verða sveigð undir neinar þekktar reglur enskrar réttitunar, en þar sem Íslenskir bókstafir eru hins vegar ekki líklegir til að gefa neina hugmynd um hljóðin, þá verður að láta nöfnin óskráð. Þetta er lítil bær með þröng húsa-kynni, en fólkið er ekki villimenn og




„Kirkjan í Hrepphólum.“

glápir ekki á hverja hreyfingu okkar, þó að það léti í ljósi nokkra forvitni þegar verið var að undirbúa myndatökur.

25. ágúst. Eftir þriggja tíma ferð komum við að bænum Hrepphólum. Þar er lítil kirkja... Trúarbrögð lands-

manna eru hið lútherska form kristindóms. Prestarnir eru flestir fákunnandi, óþrifalegir náungar og kirkjurnar eins og örlitlar hlöður með altari, predikunarstól og bekki af mjög óþægilegri gerð, svo að hinn þverlyndi Íslendingur geti ekki sofnað undir leiðinlegri stólræðu.



LJÓSMYNDASÖFNUN OG ÞJÓÐMINJASAFNIÐ

Inga Lára Baldvinsdóttir

Erindi flutt á aðalfundi
Félags Íslenskra safnmanna 1981

Matthías Þórðarson stofnsetti Mannamyndasafnið, sem sérstaka deild innan Þjóðminjasafnsins árið 1908 og til þess má rekja upphaf ljósmyndasöfnunar þar. En á dögum Matthíasar hefur tilhneiging til deildarskiptingar orðið hvað sterkust í sögu safnsins, eins og til dæmis Mannamyndasafnið og Listiðnaðarsafnið vitna um. Framan af einskorðaðist Mannamyndasafnið ekki við ljósmyndir, heldur voru skráðar í það hvers kyns mannamyndir, jafnvel málverk er áður höfðu verið skráð í almenna safnið. Ljósmyndir urðu þó eðlilega stærsti hlutinn í safninu.

Stofnun Mannamyndasafnsins vitnar um mikla framsýni Matthíasar. Ekki er öllum gefið að átta sig á hvað af hlutum hversdagsins öðlast söfnunargildi á komandi tímum. Samanburður við önnur lönd, til dæmis Noreg vitnar og um forskot Íslenskra safnmanna á þessu sviði, en þar var fyrst farið að hreyfa við þessum málum um 1930. Líklega hefur landlægur áhugi á persónusögu átt hér hlut að máli.

Síðan hefur safnið vaxið ört. Mannamyndir og ljósmyndaplötur skipta hundruðum þúsunda. Fyrst eftir stofnun Mannamyndasafnsins var haldið uppi markvissum fyrirspurnum um myndir, en síðar jókst það meira og minna á gjöfum. Það er því tilviljunum háð af hverjum myndir eru til og engin kerfisbundin söfnun

mynda, hvorki af núlifandi fólki né látnu, fer fram. Yfirleitt ræður aldur hvaða myndir eru gefnar og er fátt um myndir frá samtímanum í safninu. Þáttur mynda í samskiptum manna hefur líka breyst.

Skráning mannamynda ræðst af eðli myndanna. Þar gildir einfaldlega stafrófsröð eiginnafna. Safnið er því aðgengilegt fyrir hvern þann, sem þarf í því að leita og er án efa eini fullskráði hluti Þjóðminjasafnsins.

Aðrar ljósmyndir eru í svonefndu Ljós- og prentmyndasafni, en það var stofnað árið 1915 um líkt leyti og skrásetning var hafin á Listasafninu, sem þá var hluti af Þjóðminjasafni. Upphaflega virðist Ljós- og prentmyndasafnið hafa verið hugsað sem hluti af Listasafninu, því framan af voru eingöngu skráðar í það grafíkmyndir og ljósmyndir af listaverkum. Eðlisbreyting verður þar á uppúr 1920, þegar safninu berast ljósmyndir og plötur Ljósmyndastofu Sigfúsar Eymundssonar. Safnið verður ljósmyndasafn atburða- og staðarmynda og fjarlægist upphaflega hugmynd Matthíasar. Fjöldi mynda í því er nú um 32000.

Myndirnar eru skráðar í þeirri röð, sem þær berast með hlaupandi númerakerfi. Gilda þar sömu lögmál og í annarri skráningu á safninu, að getið er gefanda, komudags, stærðar, ljósmyndara og myndefnis. Þetta er



Miðstræti í Reykjavík um 1905.

Eftir filmu í Þjms. Ljósmyndari: Óþekktur.

nauðsynleg frumskráning, en reynist ónóg í daglegri notkun á safninu. Sömu sögu er reyndar að segja um skráningu annarra safngripa en annmarkarnir hafa orðið áþreifanlegastir á myndasafninu vegna þess að það er sá hluti Þjóðminjasafnsins, sem er í mestri notkun. Einföld skráning af þessu tagi krefst mikillar þekkingar starfsmanna á safngripum, sem lærist á löngum tíma, en setur um leið nýja starfskrafta í þann vanda, er þeir eldri hverfa af starfsvettvangi, að þeir standa ráðalausir og vita hvorki hvað þeir hafa í fórum sínum né hvar hlutina er að finna. Eigi safnið að vera aðgengilegt verður það að vera skráð út frá sem flestum efnispáttum. Það er gefanda, ljósmyndara, landfræði og helstu atriðum myndanna.

Nokkrar umræður hafa átt sér stað

um fyrirkomulag skráningar ljósmyndasafna á Þjóðminjasafninu og er starfandi nefnd til að kanna möguleika á skráningarmálum erlendis hjá helstu stofnunum á þessu sviði. Hætt er við að nokkur bið verði á að komist verði að endanlegri niðurstöðu, en þó er ljóst að framsæknasta lausnin hlýtur að vera tölvuvæðing.

Póstkort mynda sérstakt safn og er því ráðað í þar til gerðar möppur eftir byggðarlögum eða efnispáttum.

Um söfnun mynda til Ljós- og prentmyndasafns og Póstkortasafns gildir það sama og um Mannamyndasafnið að engin kerfisbundin söfnun fer fram og aukning byggist að mestu á tilfallandi gjöfum.

Þjóðminjasafnið hefur til þessa ekki haft samvinnu við neina aðila um ljósmyndasöfnun. Á það jafnt við um

starfandi ljósmyndara, sambærileg söfn hjá fjölmiðlum eða önnur minjasöfn. Enda er nokkur eðlismunur á starfsvettvangi þessara aðila og hlutverki, nema auðvitað minjasafnanna. Þess ber þó að geta að fjölmiðlar leita oft eftir fyrirgreiðslu hjá stofnuninni með myndir. Samstarfsgrundvöllur virðist því í fljótu bragði aðeins vera milli Þjóðminjasafnsins og minjasafna. Hef ég þá helst skráningarmálin í huga. En staðlað skráningarferfi á myndum fyrir öll söfn væri til mikils hagræðis í allri notkun á þeim. Þar sem Þjóðminjasafnið er með stærsta myndasafn hérlandis væri ekki óeðlilegt að það gegndi hér ákveðnu forystuhlutverki.

Fyrir utan ljósmyndir eru varðveitt í safninu um 30 plötu- og filmusöfn af margvíslegri stærð og gerð. Allt frá plötusöfnum frá ljósmyndastofum með tugþúsundum mannamynda til smærri safna áhugaljósmyndara með nokkrum tugum landslagsmynda. Flest eru söfnin þó frá atvinnuljósmyndurum og er þá frumskráning ljósmyndarans á þeim láatin haldast. Gerðar hafa verið spjaldskrár yfir flest söfnin uppúr dagbókum stofnanna. Sú undantekning er þó frá þessu að starfandi ljósmyndastofur, sem hafa gefið eldri hluta plötusafna sinna varðveita eigin skrár og sjá um afgreiðslu á plötum úr þeim. Þau plötusöfn, sem komu óskráð á Þjóðminjasafnið eru það enn, nema safn Sigfúsar Eymundssonar að hluta.

Þjóðminjasafnið hefur gert lítið af því að taka eftir plötum úr þessum söfnum. Enda óðs manns æði að fara að taka eftir hundruðum þúsunda mannamynda og gildi slíks verks vafasamt. Hins vegar er í flestum þessum söfnum töluvert magn at-

burða- og staðarmynda, sem brýnt er að tekið verði eftir. Öllum er ljóst að hér þarf að gera stóratök. Nýráðstafað fé til þessa verks úr Þjóðhátíðarsjóði er góð byrjun, sem nauðsynlegt er að verði fylgt eftir á næstu árum. Því safnið hefur eðlilega verið gagnrýnt fyrir athafnaleysi í þessum málum. Meðan enginn fastráðinn ljósmyndari er starfandi við safnið eru eftirtökur þó annmörkum háðar. Flutningar á plötum í og úr safnhúsinu eru óæskilegir og erfitt að byggja á tilfallandi kröftum til tímabundinna starfa.

Erlendis hafa víða verið gerðar herferðir í söfnun mynda sbr. starf Landsudvalget for innsamling af gamle fotografier í Danmörku og Sekretariatet for fotoregistrering í Noregi. Síðarnefndi aðilinn skráir einnig myndir í einkaeign. Hvort það væri æskilegur kostur hér orkar tvímælis. Safnið á fullt í fangi með að skrá eigin myndir. En nauðsynlegt er að gera eitthvert átak ekki bara í söfnun mynda heldur reyna að öðlast einhverja heildaryfirsýn yfir myndaeign landsmanna. Og í framhaldi af því að kanna hvar eyður eru í safninu, auglýsa eftir myndum frá þeim tíma og eða þeim svæðum sem engar myndir eru til frá. Margt mynda fer árlega forgörðum við flutninga, skiptingu dánarbúa og almennar hreingerningar hjá fólki.

Eins og málum er nú háttað sér einn maður um allt það er að ljósmyndasöfnunum lítur. Skráningu, frágang, útlán og annað, sem gera þarf. Þar að auki sinnir sami einstaklingur ýmissi annarri fyrirgreiðslu er Þjóðminjasafnið þarf að veita.

Augljóst er að einum manni er ekki mögulegt að sinna nema hluta af



Heyvinna í Viðey um 1906. Ljósmyndari: Gunhild Thorsteinsson.

nauðsynlegum starfspáttum ljósmyndasafnanna. Ef vel væri þyrfti 3 fasta starfsmenn. Einn til að sinna útlánunum og veita þjónustu, annan til að starfa út á við, sýna myndir til nafnsetningar og upplýsingasöfnunar um myndefni, safna myndum og þess háttar og ljósmyndara til að annast eftirtökur fyrir safnið og þá aðila, sem til þess leita.

Fram að þessu hafa engar fastar fjárveitingar verið til ljósmyndasafnanna af ráðstöfunarfé safnsins. Allur fjárhagur er sameiginlegur og ekki aðgreindur milli deilda. Öll fjármál og skipulagning þeirra er í höndum þjóðminjavarðar. Eini tilkostnaðurinn hefur verið fyrir umbúðum hvers kyns, skápum, umslögum og þess háttar. Það hafa ekki verið gerðar neinar fjárhagsbeiðnir, en slíkt tíðkast heldur ekki á öðrum deildum safnsins. Þó

hefur undanfarin ár verið farið fram á fjárveitingar árlega til eftirtöku á plötum. Fyrst nú hefur bein fjárveiting verið veitt til þess verks, 5000 krónur en það er af styrk Þjóðhátíðarsjóðs til Þjóðminjasafns eins og kom fram áður.

Á engan er hallað þó fullyrt sé að myndadeildin er sú deild Þjóðminjasafns, sem mest er leitað til með margvíslega fyrirgreiðslu. Nokkuð er um að einstaklingar komi til að fá mynd eða plötu af ættmönnum léða til eftirtöku, en fyrst og fremst eru það útgefendur, sem leita til safnsins til að fá myndir í ákveðin ritverk. Oft gengur slík þjónusta það langt að safnið er í raun orðið samstarfsaðili og starfsmaður myndasafnsins með höfundur og er væntanleg Reykjavíkurbók löunnar glöggt dæmi þar um. Öll slík þjónusta og rannsóknarvinna

er veitt endurgjaldslaust. Enda er réttur safnsins á því myndefni, sem þar er geymt enginn í reynd. Um það hafa til þessa gilt almenn lög um höfundarrétt þ.e. reglan um rétt höfundar og erfingja í 50 ár eftir dánardægur þess fyrr nefnda. Erlend söfn hafa ýmsan hátt á þessum málum, þannig virðast t.d. mörg söfn í Ameríku og Englandi tryggja sér einhvern rétt á myndum og plötum í þess fórum m.a. til fjáröflunar. Slíkt er auðvitað bundið lagasetningu og ekki einfalt mál. Lög um höfundarrétt eru nú í endurskoðun og í tengslum við hana væri vert að athuga þann möguleika að safnið fái tryggt sér nokkurn rétt á þessu sviði.


Rétt er að drepa hér á breytta stöðu safnsins hvað viðkemur ljósmyndasöfnun. En í fyrsta skipti síðan söfnun á ljósmyndum hófst á þess vegum er kominn fram samkeppnisaðili og á ég þar við Ljósmyndasafnið h.f. Peníngalyktin, sem menn tóku að finna af ljósmyndum uppúr 1970 hefur loks borist hingað. Ljósmyndasafnið h.f. hvetur að vísu, að sögn, eigendur plötusafna til að gefa þau á Þjóðminjasafnið eftir að þeir eru sjálfir búnir að kopiera þau og afla sér einkaréttar á notkun þeirra. En þetta lýsir bara því almenna viðhorfi til Þjóðminjasafnsins að þegar búið er að nýta hlutinn til hins ítrasta þá má kasta honum á ruslahauginn, safnið. Jafnframt er þetta áminning til safnmanna, einkarekstur er aftur orðin staðreynd í íslenskum safnrekstri eftir langa baráttu fyrir því að starfsemi þeirra væri fjármögnuð af opinberum aðilum og er það sannarlega skref aftur á bak.

Ekki er nein útgáfustarfsemi á vegum safnsins og á það jafnt við um

ljósmyndir sem annað. Þjóðminjasafnið er í þeim efnum eftirbátur t.d. Listasafns Íslands, sem er með eigin kortagerð, Listasafns ASÍ, sem er með eigin korta- og myndskyggnuframleiðslu, Ásgrímssafns og ýmissa annarra safna, sem líta á útgáfu, sem sjálfsagðan lið í starfsemi sinni. En fátt er safninu mikilvægara en nán og góð tengsl við almenning og er öll útgáfustarfsemi leið til að styrkja þau.

Þjóðminjasafnið hefur hins vegar gert samninga við ýmsa aðila um að sjá um þennan starfsþátt hjá sér s.b.r. minjagripaframleiðslu fyrirtækis Björns Th. Björnssonar og er ekki annað að sjá en sú starfsemi standi með blóma. Skýringin er að yfirvöld Þjóðminjasafnsins hafa löngum haft það viðhorf að safnið eigi eingöngu að vera þjónustuaðili og geymslustaður.

Það þótti draumsýn er Sigurður Guðmundsson skrifaði fyrst um stofnun Forngripasafns 1862, en ég vona að við getum öll átt þá draumsýn að Þjóðminjasafnið verði stærri og virkari aðili í íslensku menningarlífi en það er í dag. Og að draumar okkar rætist rétt eins og draumur Sigurðar forðum.



LJÓSMYNDASAFNIÐ

Ívar Gissurarson og Þorsteinn Jónsson

Í ársbyrjun 1980 var hafinn undirbúningur að stofnun sérsafns eða miðstöðvar fyrir ljósmyndir, sem gæti unnið nauðsynlegt björgunarstarf og staðið fyrir hvers kyns rannsóknum og þjónustu með íslenskar ljósmyndir. Hinn 2. september 1981 var Ljósmyndasafnið svo formlega stofnað. Aðstandendur þess eru Eyjólfur Halldórs, Gísli Már Gíslason, Ívar Gissurarson, Kristján Pétur Guðnason, Leifur Þorsteinsson, Ólafur Haukur Símonarson, Sigrún Valbergsdóttir, Sigurgeir Sigurjónsson og Þorsteinn Jónsson. Ljósmyndasafnið er til húsa á Flóakagötu 35 í Reykjavík.

Aðdragandann að stofnun Ljósmyndasafnsins má rekja til þeirrar nauðsynjar, að fyrir hendi sé sérsafn eða miðstöð, sem vinnur með ljósmyndir og hefur með höndum rannsóknir og úrvinnslu á þessu sviði hér á landi. Slík sérsöfn hafa um áraraðir verið starfrækt víða erlendis og hefur þar verið unnið mikið rannsóknarstarf, og ná þau söfn bæði til eldra og yngra ljósmyndaefnis.

Ljóst er að mikið magn ljósmynda er til hér á landi, sem full þörf og nauðsyn er á að varðveita, bæði vegna menningarsögulegs og listræns gildis. Ljósmyndin er ríkur þáttur í daglegu lífi okkar; hún tengist hvers kyns fjölmiðlun og er mikilvæg í rannsóknarstarfi. Auk þess hefur ljósmyndun hin síðari ár í æ ríkara mæli notið viðurkenningar sem sjálfstæð listgrein.

Viðhorfin gagnvart ljósmyndinni eru auðvitað breytileg eftir því hvaða

tilgangi myndin á að þjóna, minjasöfn hafa áhuga á ljósmyndinni vegna heimildar og minjagildis, útgáuaðilar og fjölmiðlar ýmist vegna heimildagildis eða listræns gildis, og þannig mætti lengi telja. Ljósmyndasafnið væntir góðs samstarfs við alla þá aðila sem hagsmuna eiga að gæta varðandi ljósmyndir hér á landi.

TILGANGUR SAFNSINS

- Að varðveita og skrá gamlar og nýjar ljósmyndir.
- Að kynna ljósmyndir með sýningum og útgáfu.
- Að annast hvers konar þjónustu við notendur ljósmynda.
- Að vernda höfundarrétt.
- Að koma í veg fyrir eyðileggingu og misnotkun ljósmynda.

VERKEFNI

LJÓSMYNDASAFNSINS

- Frumskráning, fyrsta flokkun og skráning þeirra staðreynda, sem kunnar eru um viðkomandi mynd þegar hún berst safninu. Fyrirhuguð er tölvuskráning á öllu myndefni safnsins, sem bæta mun þjónustu við notendur.
- Frágangur frumfilmu í sýrufríum umslögum í eldtraustum geymslum, viðgerðir á frumeintökum, eftirtökur til notkunar í safninu.
- Frekari heimildaskráning, upplýsingaöflun, rannsóknarstörf á

myndefni safnsins, á vegum safnsins sjálfs, annarra stofnana og einstaklinga.

- Val myndefnis til sýninga, hönnun sýninga og annar listrænn og tæknilegur undirbúningur og framkvæmd sýningahalds.
- Val myndefnis, undirbúningur útgáfu, samning myndtexta og les-texta; samráð við fræðimenn og aðra aðila er tengjast útgáfu.
- Safnið skuldbindur sig til að koma verkum höfunda á þann veg á framfæri, að fullkomlega samræmist höfundarheiðri (droit moral), allt í samræmi við 4. gr. höfundalaga nr. 73 frá 1972 og góðar venjur á þessu sviði höfundarréttar.
- Safnið mun í meginatriðum haga meðferð verkanna þannig, að það mun koma fram sem umboðsmaður handhafa höfundarréttarins gagnvart fjölmiðlum öllum, útgefendum og sýningar-aðilum, sem kunna að hafa áhuga á verkunum.
- Brjóti utanaðkomandi aðilar gegn höfundarrétti mun safnið gæta hagsmuna höfundar.

LJÓSMYNDASÖFN

Ljósmyndasafnið varðveitir mikinn fjölda ljósmynda eftir innlenda og erlenda ljósmyndara. Safninu hafa borist merk söfn erlendra ljósmyndara, sem ferðuðust um Ísland á síðustu áratugum 19. aldar og í byrjun þessarar. Í safninu er einnig fjöldi íslenskra

ljósmyndasafna víðs vegar að af landinu og auk þess stórt eftirtökusafn, sem unnið hefur verið af Ljósmyndasafninu.

LJÓSMYNDASAFNIÐ fer m.a. með höfundarrétt fyrir eftirtalda ljósmyndara:


Pétur A. Ólafsson:

Pétur A. Ólafsson fæddist í Höfðakaupstað 1. maí árið 1870, sonur hjónanna Ólafs Jónssonar og Valgerðar Narfadóttur. Þrettán ára gömlum var honum komið í læri til Friðriks Möllers verslunarstjóra á Eskifirði, og nam hann verslunarstörf, en fékk auk þess aðra almenna fræðslu. Veturinn 1890-91 nam hann verslunarfræði í Kaupmannahöfn. Þegar heim kom fór Pétur til verslunarstarfa, og er skemmst frá því að segja að hann verður einn mesti umsvifamaður síns tíma, framúrstefnumaður í verslunarrekstri og atvinnuumsvifum. Á Patraksfjarðarárum sínum iðkaði Pétur ljósmyndun með glæsilegum árangri. Sýna myndir hans vel þau straumhvörf er urðu í atvinnulífi hér á landi um hans mektardaga. Einnig er í safni Péturs margt mynda frá Akureyri og Reykjavík. Pétur Ólafsson lést á Akureyri 1949.

Magnús Ólafsson

Magnús Ólafsson fæddist á Hvoli í Saurbæ í Dalasýslu árið 1862. Faðir hans var Ólafur jarðyrkjumaður Jónsson, síðar lyfjafræðingur í Stykkishólmi og móðir hans Þorbjörg Magnúsdóttir frá Skáleyjum í Breiðafirði.

Magnús hóf verslunarstörf ungur að árum í Stykkishólmi, en fluttist 23 ára til Akraness og tók að sér verslunarstjórn hjá Th. Thomsen. Gegndi



Innimynd frá Skútustöðum í Mývatnssveit árið 1893.

Ljósmyndari: Tempest Anderson Ljósmyndasafnið

Magnús því starfi uns verslunin var lögð niður árið 1901. Á Akranesi byrjaði Magnús í nokkru mæli að fást við ljósmyndun, einnig teiknaði hann nokkuð og vann að myndagerð. Það þótti allnokkur bíræfni, þegar Magnús var fluttur til Reykjavíkur með barnmarga fjölskyldu að leggja fyrir sig og stunda jafn fráleita iðju og ljósmyndasmíði. En hann hélt utan til Kaupmannahafnar og fullnumaði sig í greininni hjá einum besta ljósmyndara Danmerkur, keypti sér þar einnig fullkomin tæki og setti síðan upp ljósmyndastofu í Reykjavík og rak hana áratugum saman.


Ekki lét hann sér það nægja, en ferðaðist áratugum saman um landið og tók landslagsmyndir. Oft gerði hann það í fylgd Ólafs sonar síns,

síðar ljósmyndara, sem lærði iðnina hjá föður sínum.

Magnús var brautryðjandi í töku landslagsljósmynda hér á landi. Tækin fluttu þeir feðgar á klyfjahestum um landið.

Magnús varð fyrstur til að framleiða stereóskóp-myndir, einkum landslagsmyndir frá Íslandi og urðu þær útbreiddar bæði hérlandis og erlendis og vakti athygli á landslagi og náttúrufegurð hérlandis. Magnús varð einnig fyrstur til að lita stækkaðar ljósmyndir og notaði hann til þess vatnsliti.

Myndir Magnúsar Ólafssonar eru stórmerkileg heimild um mótun byggðar á Íslandi um hans daga og sérstakt gildi hafa myndir hans úr Reykjavík, fjölmargar þeirra hafa ein-



Lifrabræðslan á Þormóðsstöðum um miðjan þriðja áratuginn.
Ljósmyndari: Magnús Ólafsson Kópía: Ljósmyndasafnið

stakt heimildargildi fyrir síðari tíma.
Magnús Ólafsson lést í Reykjavík
26.7. 1937.

Pétur Thomsen:

Pétur Thomsen er fæddur 19. júní 1910 í Reykjavík. Hann stundaði nám í Verslunarskólanum og Loftskýta-skólanum áður en hann hélt til Kaupmannahafnar árið 1930. Þar dvaldist hann um skeið og stundaði ýmis störf. Því næst lá leið hans til Þýskalands þar sem hann lagði stund á ljósmyndun og kvikmyndagerð hjá UFA í Berlín. Árið 1943 snéri hann heim til Íslands á ný. Pétur hóf rekstur ljósmyndastofu árið 1947 og starfaði eftir það óslitið við ljósmyndun til ársins 1975. Þekktastur er hann fyrir myndir sínar úr opinberu lífi á Íslandi. Ljósmyndasafn Péturs Thomsens er

gífurlega umfangsmikið og lætur nærri að það telji um 300.000 myndir.

Ólafur Magnússon

Ólafur Magnússon fæddist á Akranesi árið 1889. Foreldrar hans voru Magnús Ólafsson ljósmyndari og kona hans Guðrún Jónsdóttir úr Reykjavík. Ólafur lærði ljósmynda-gerð hjá föður sínum og stundaði síðan árin 1911-1913 framhaldsnám hjá Kgl. ljósmyndara Junker-Jensen í Kaupmannahöfn. Einnig nam hann í Berlín. Eftir það rak hann ljósmynda-stofu í Reykjavík til æviloka, fyrst með föður sínum en síðan einn. Ólafur Magnússon sat í stjórn Ljósmyndarafélags Íslands og var formaður þessa um skeið.



Jón Kaldal:

Jón Kaldal fæddist 24.8. 1896 í Stóradal, Austur-Húnavatnssýslu. Jón hélt utan til Kaupmannahafnar til að nema ljósmyndun árið 1918 og dvaldi þar í átta ár. Jón stundaði íþróttir af miklu kappi á þessum árum jafnhliða námi. Hann varð einn okkar allra bestu íþróttamanna. Eftir heimkomuna hóf hann rekstur ljósmyndastofu, sem varð síðan ein hin virtasta hér á landi. Hann starfaði að ljósmyndun í hartnær hálfa öld eða þar til árið 1974. Kjarninn í lífsverki Jóns Kaldals eru hinar stórkostlegu mannamyndir hans. Safn Jóns telur um 57.000 myndir.

Jón lést í Reykjavík 30.10. 1981.

Árið 1974 tók Ingibjörg, dóttir Jóns, við rekstri ljósmyndastofunnar, en hún hafði áður numið ljósmyndun hjá föður sínum og verið hans aðstoðarmaður hin síðari ár.

Ljósmyndastofan Asis:

Ljósmyndastofan Asis var starfrækt í Reykjavík. Ljósmyndarar voru Ingibjörg Sigurðardóttir, Jóhanna Sigurðsdóttir, Hanna Brynjólfsdóttir og Donald Ingólfsson. Asissafnið telur um 65.000 númeruð eintök mannamynda. Asis var vinsæl ljósmyndastofa og í hinu geysistöra safni er mikill fjöldi merkra fjölskyldumynda, sem eru ómetanleg heimild um samtímanenn.

Skafti Guðjónsson:

Skafti Guðjónsson fæddist í Laxárholti í Hraunhreppi 17. júlí 1902, yngsta barn hjónanna Guðjóns Jónssonar og Steinvarar Guðmundsdóttur. Á þrettánda aldursári flutti Skafti með foreldrum sínum til Reykjavíkur. Skömmu eftir fermingu gerðist Skafti vikapiltur hjá Ólafi Björnssyni ritstjóra í Ísafold og 17 ára gamall hóf



Högni P. Ólafsson í Valhöll á Patreksfirði árið 1904.
Ljósmyndari: Pétur A. Ólafsson Kópía: Ljósmyndasafnið

hann nám í bókbandsstofu prentsmiðju Ísafoldar. Sveinspróf fékk hann hjá Þórði Magnússyni bókbindara 1923. Skafti vann að bókbandi lengst af, m.a. á bókbandsstofu Landsbókasafns Íslands. Síðustu æviár sín dvaldi Skafti að Elliheimum í Ási í Hveragerði. Hann andaðist 22. mars 1971. Myndirnar í safni Skafta Guðjónssonar ná yfir tímabilið 1921-1953 og eru ómetanlegar heimildir um heim Skafta og þá þróun borgar og þjóðlífs, sem hann verður vitni að.

Gunnar Rúnar Ólafsson:

Gunnar Rúnar Ólafsson fæddist í

Hafnarfirði 23. maí 1917 og þar ólst hann upp. Foreldrar hans voru Sigríður Þorláksdóttir og Ólafur A. Guðmundsson útgerðarmaður frá Ingólfsfirði á ströndum. Gunnar Rúnar lauk gagnfræðaprófi frá Flensborg árið 1933 og síðan stundaði hann nám í Reykjavík um skeið, m.a. í menntaskólanum. Hann stundaði verslunarstörf í Hafnarfirði framan af árum og eignaðist þar sjálfur verslun. Snemma beindist áhugi hans að ljósmyndun og eignaðist hann góð tæki til að stunda áhugamál sitt. Árið 1944 tók Gunnar Rúnar ákvörðun að helga sig áhugaefni sínu alfarið og lagði hann leið sína til Bandaríkjanna til

náms í ljósmynda- og kvikmynda-gerð. Merkasti ljósmyndaflokkur Gunnars Rúnars er frá stríðsárunum síðari, og frá næstu árum þar á eftir m.a. safn mynda af gömlum Hafnfirðingum. Gunnar lést í ársbyrjun 1965, aðeins 46 ára að aldri.

Pétur Leifsson:

Pétur Leifsson fæddist 6. apríl 1886 í Stykkishólmi. Þar hóf hann að taka myndir laust eftir aldamótin, en varð síðar lærlingur hjá Pétri Thorsteinsyni, konunglegum hirðljósmyndara. Pétur vann lengi sem ljósmyndari hjá Ólafi Magnússyni, konunglegum hirðljósmyndara. Sjálfur stofnsetti hann ljósmyndastofu í Þingholtsstræti í Reykjavík árið 1928 og starfrækti hana þar til í byrjun síðari heimsstyrjaldar. Síðustu starfsár sín vann Pétur í ljósmyndapjónustu Glæraugnaverslunarinnar Lækjargötu 6B, Reykjavík. Pétur lést 18. desember 1961. Þjóðlífs- og mannamyndir Péturs eru merkar samtímaheimildir.

Sýningar

Ljósmyndasafnið stóð fyrir eftirtöldum ljósmyndasýningum á síðastliðnu ári:


Sýning á ljósmyndum Péturs A. Ólafssonar á Patreksfirði maí 1981.

Sýning á ljósmyndum Péturs A. Ólafssonar í Árbæjarsafni, sumarið 1981.

Sýning á Akureyrarljósmyndum Gunnars Rúnars Ólafssonar á Akureyri, september 1981.

Sýning á Snæfellsnesmyndum Péturs A. Ólafssonar og Gunnar Rúnars Ólafssonar á Hellisandi og í Grundarfirði, nóvember og desember 1981.

Sýning á Reykjavíkurmyndum Skafta Guðjónssonar í Listasafni Alþýðu, Reykjavík, desember 1981.



ÁBENDINGAR UM GEYMSLU Á FILMUM OG MYNDUM

Guðmundur Ólafsson

Filmur, gamlar myndir og ljósmynda-plötur eru viðkvæmir hlutir sem þurfa sérstaka meðferð og geymslu. Annars er mikil hætt á að þær eyðileggist innan fárra ára eða áratuga. Að mörgu er því að hyggja fyrir söfn eða safnara sem koma vilja myndum sínum fyrir í geymslu þar sem slík hætt á er í lágmarki.

Hér mun verða dregið á fáein atriði sem gagnlegt er að hafa í huga í sambandi við varðveislu og geymslu á filmum.

Geymsla

Geymslan sjálf er undirstaða góðrar varðveislu. Hún á að vera eldtraust, algerlega rakalaus og hitastigið þar inni á að vera undir $+18^{\circ}\text{C}$. Loftræsting þarf að vera góð. Filmur á að geyma í myrkri og gluggar á filmu-geymslum þess vegna óæskilegir. Gangar eða aðrir staðir þar sem umgangur er mikill og ryk í lofti, eru óheppilegir geymslustaðir fyrir filmur.

Umbúðir

Vaxandi mengun í andrúmslofti er orðin einhver mesti skaðvaldur gamalla ljósmynda og negatíva á gleri og filmum. Því miður er ómögulegt að útiloka algjörlega öll þau efni og efnasambönd sem haft geta skaðleg áhrif á filmur. Með réttum umbúðum er þó hægt að halda þessum skaðlegu áhrifum í lágmarki. Fyrir nokkrum árum komu á markaðinn ljósmyndaumbúðir sem hlotið hafa viðurkenningu og meðmæli sérfræðinga. Það eru umslög úr sýrulausum pappír, húðuð að innan með polytenplasti. Þau eru framleidd í stærðum A-staðalsins.

Hér á landi hafa a.m.k. 5-6 ljósmyndasöfn tekið þessar umbúðir í notkun og er það vel. Vonandi eiga fleiri eftir að fylgja því fordæmi.

Þess má geta hér, að fyrir litlar filmur, t.d. 35 mm og 6 x 6 fást hent-





ugar negatívmöppur í verslunum, með lausum blöðum úr pergamynplasti. Þessar umbúðir teljast allgóðar og viðunandi, þó að þær standi polytenumslögnum nokkuð að baki.

Skaðleg efni

Að lokum skulu nefnd nokkur dæmi um hluti og efni sem hafa skaðleg áhrif á filmur og ætti aldrei að nota í námunda við þær. Hér er t.d. um að ræða hverskonar **blöð og pappír** sem flest innihalda formeldehyd og peroxid; **þvottaefni** sem inniheldur peroxid; **lim og limmiðar, viss plastefni**, sérstaklega PVC plastefni. PVC er notað í flestar glærar plastumbúðir sem eru þar af leiðandi mjög óheppilegar ljósmyndaumbúðir. **Gúmmí, þornandi málning, bæs og ný**

húsgögn gefa einnig frá sér efna-sambönd hættuleg filmum, svo sem peroxid, linolsýru og formaldehyd.

Ekki má það villa um fyrir neinum, að skemmdirnar koma ekki í ljós þegar í stað, því að hér eru afar hægar efna-breytingar að verki. Þegar þær eru orðnar sýnilegar berum augum, er e.t.v. orðið um seinan að bjarga myndunum, frá eyðileggingu.

Lítill vafi er á því, að ljósmynda-söfnum sem ekki verður komið fljótlega fyrir í góðum geymslum og réttum hlífðarumbúðum, eins og nefnt hefur verið á hér að framan, er mikil hætta búin á næstu áratugum. Hver vill þá þurfa að gera grein fyrir þúsundum skemmdra eða ónýtra ljósmynda og filma sem söfnunum hefur verið trúað fyrir til varðveislu?

UM SKIPULAG SKÓLAÞJÓNUSTU

Sólveig Georgsdóttir

Í Reykjavík hefur um næstum því tveggja áratuga skeið verið starfandi safnkennari á vegum fræðsluskrifstofu borgarinnar. Safnkennari hefur séð um að skipuleggja ferðir skólaknemenda á söfn og haft með höndum leiðsögn þeirra á söfnunum. Á seinni árum hefur tilhögun safnferða verið að mestu leyti hin sama, þ.e.a.s. farið hefur verið með alla 13 ára nemendur úr skólum Reykjavíkur á Ásgrímssafn og 14 ára á Þjóðminjasafnið. Frekar hefur verið um safnkynningu að ræða en safnkennslu. Litið hefur verið á safnferðir sem tilbreytingu í amstri hversdagslífsins, án nánari tengsla við námsefni. Safnkennslan hefur ekki verið kynnt í skólum, einungis tilkynnt, að nú eigi viðkomandi bekkur að mæta ákveðinn dag á safn. Tilhögun þessi hefur valdið því, að fáir hafa vitað að hún er til, jafnvel kennarar í grunnskólum þeim, sem um er að ræða. Einnig hafa einstök söfn boðið skólum heim, á sérsýningar eða fastasýningar, án milligöngu fræðslufirvalda. T.d. hefur Árbæjar-safn boðið upp á verkefni um þróun atvinnulífs og byggðar í Reykjavík. Íslensk söfn hafa þó hvergi á að skipa sérstökum starfsmanni, sem eingöngu sér um kennsluhliðina og samvinna milli safna og fræðslufirvalda hefur verið næsta lítil. S.l. vetur hefur orðið nokkur breyting í þessum málum. Ákveðið var að dreifa safnferðum meira á aldurshópana, byrja með safnferðir en fyrir og tengja safnferðir á Þjóðminjasafnið náms-efni í samfélagsfræði. Ekki var leitast

við að láta allar bekkjardeildir ákveðins aldurhóps fara á safn, heldur var safnkennsla boðin skólunum sem þjónusta, þannig að kennarar gátu pantað tíma og komið á safn þegar bekkjunum hentaði með tilliti til framvindu náms.

Ég gerði kynningarefni og verkefni um listasafn Einars Jónssonar fyrir 3. bekk og eldri, kynningarefni um Ásgrímssafn fyrir 5. bekk og fyrir 7. bekk vann ég allitarlegt undirbúningsefni ásamt 6 hópverkefnum um sjóminja- og landbúnaðardeild Þjóðminjasafnsins, þar sem þessir þættir tengjast best námsefni 7. bekkjar í samfélagsfræði. Ætlunin var að taka einnig á móti 4. bekk á Þjóðminjasafnið, en þar sem Skólarannsóknardeild Menntamálaráðuneytisins er að vinna upp nýtt námsefni um landnám Íslands fyrir 4. bekk var það látið bíða þar til námsefnið yrði lengra á veg komið.

Almenn kynning á þeim safnferðum, sem voru í boði, var send öllum grunnskólum Reykjavíkur og er kennarar höfðu pantað tíma fyrir safnferð, var þeim sent allt undirbúningsefni ásamt verkefnum, þar sem slíkt var í boði. Ég komst mjög fljótt að raun um, að kennarar voru mjög ánægðir með að fá kynningarefni um safnferðirnar, en aftur á var aðsókn að hinum mismunandi söfnum mjög misjöfn. Fleiri vildu fara á Ásgrímssafn en tími gafst til að taka á móti, aftur á móti var engin eftirspurn eftir safnkennslu 7. bekkjar á Þjóðminja-



Skólaheimsókn í Þjóðminjasafnið með safnkennara.

safni, utan 5 tilraunahópa úr Voga-skóla og Æfingadeild KHÍ.

Í námsskrá um mynd- og handmennt, sem kom út árið 1977, er skýrt tekið fram, að nauðsynlegt sé að kynna nemendum menningarsöfn og sýningar og að í sambandi við skörun efnisins við samfélagsfræði eigi safnferðir að vera fastur liður. En raunin er sú, að skólar í Reykjavík nota söfn í sáralitlum mæli. Og hverjar skyldu nú helstu ástæðurnar vera? Hér á eftir fara nokkur atriði, sem ég tel vera mikilvæg í þessu sambandi.

Í fyrsta lagi vanafesta. Það er enn tiltölulega stutt síðan farið var að gera ráð fyrir, að kennsla færi fram annars staðar en í skólstofunni.

Einnig ættu námskeið í notkun safna að vera fastur liður í almennt kennaramenntun, en eru það ekki. Að

vísu er boðið upp á fræðslufundi um söfn í endurmenntunarnámskeiðum kennara, en þátttaka er ekki almenn skylda heldur bundin áhuga. Þó er í athugun að setja námskeið um safnotkun inn í grunnmenntun kennara.

Söfn eru yfirleitt ekki opin á skólatíma, þar sem meirihluti skólabarna er í skóla fyrir hádegi, en öll söfnin aðeins opin eftir hádegi. Það eru margir kennarar, sem kemur ekki til hugar, að hægt sé að fara fram á að koma á safn, þegar það er lokað.

Ennfremur hafa upplýsingar um söfn og það sem þau hafa upp á að bjóða fyrir skóla oft ekki komist til kennara þannig að þeir reki augun í þær. Margt dagar uppi á skrifborðum skólustjóra eða liggur innan um aðra pappírsbunka á kennarastofum. Þess ber að geta, að ég hefi haft í huga að gera kynningarbækling um öll söfn

borgarinnar, með hagnýtum upplýsingum, svo sem um staðsetningu safnsins og hvernig má komast þangað, efnissvið, opnunartíma, kennslu-efni þar sem slíkt er til, o.m.fl. Bæklingur þessi ætti síðan að vera til í hverjum skóla og verður vonandi uppörvun til kennara að leita til safnanna meira en verið hefur. Vonir standa til þess að hann komi út nú í haust.

Ég hef í starfi mínu orðið vör við, að kennarar leggja oft hreinlega ekki í að fara með nemendur á söfn, vegna þess, að það er erfitt að fá upplýsingar út úr sýningunum eins og þær líta út, vegna þess að fólk er hrætt um að börn eyðileggi viðkvæma hluti og vegna þess að fólk er efins um, að efni sýningar höfði nokkuð til barna eða sé þeim hollt. Í því sambandi vil ég minnast á kennara, sem lét í ljós efa um, að börn hefðu nokkuð gott af að heimsækja listasafn Einars Jónssonar, þar sem hann hafi verið svo fullur af trúarrugli.

Hér í Reykjavík ættu forsendur fyrir því að koma á góðri safnkennslu að vera góðar. Auðvelt er fyrir skólana að nálgast söfnin og það, sem þau hafa upp á að bjóða. Einn þáttur í að auka nýtingu safna gæti verið að breyta opnunartíma þeirra einu sinni í viku, þannig að þau væru opin fyrir hádegi. Það mynda t.d. minnka auka-kostnað safna vegna gæslu.

En áður en farið er í svona kynningu verða söfnin að taka skýra afstöðu í því hvort þau vilja laða að skólana og hversu mikið þau vilja gera til þess að koma til móts við þarfir barna. Söfnin verða að gera upp við sig, fyrir hvern þau eru að setja upp sýningar, fyrir börn, fyrir almenn- ing án sérþekkingar eða fyrir sér- fróða. Sýning er aldrei hlutlaus. Hún

hlýtur alltaf að miðast við einhvern meira eða minna ákveðinn hóp. Ég vil halda því fram, að skólahópar séu einn mikilvægasti gestahópur safna og að söfnum beri skylda til að laga sýningar eftir þörfum þeirra og forsendum. Góð kennslusýning hlýtur einnig að vera góð almenningssýning. Fólk með sérþekkingu á ekki í neinum erfiðleikum með að tileinka sér efni safna, þó að sýningar miðist við þarfir barna og almennings. Nauðsynlegt er, að hvert safn hafi starfsmenn, einn eða fleiri, sem sjá um safnkennslu, ekki bara fyrir grunn-skólahópa, heldur einnig alla aðra hópa, sem óska leiðbeiningar á safninu. Þeir ættu þá í samvinnu við fræðslufirvöld að semja námsefni, hafa áhrif á gerð nýrra sýninga og aðlögun eldri sýninga að kennsluþörfum. Auk þess ættu þeir að sjá um beina kennslu hópanna á safninu. Stjórnun og skipulag safnkennslu gæti aftur á móti verið í höndum fræðslufirvalda. Það er líka gífurleg þörf á upplýsinga- og ráðgjafarþjónustu í sambandi við tengsl skóla og safna og hvernig nýta má söfn í kennslu utan við skipulegar safnferðir heils árgangs. Sú þjónusta ætti að vera í höndum fræðslufirvalda. Eðlilegt væri, að slíkur starfsmaður væri á vegum Menntamálaráðuneytisins, eins konar námsstjóri í safnamálum með yfirsýn yfir þarfir og möguleika á öllu landinu.

Varðandi kostnað við að halda uppi starfsmanni á safni til kennslustarfa, þá má geta þess, að t.d. í Stokkhólmi eru safnkennarar starfsmenn safnanna, en þau fá ákveðna fjárveitingu frá fræðslufirvöldum til að standa straum af kostnaði við kennsluna. Í Kaupmannahöfn er starfandi stofn-



Skólaheimsókn í Þjóðminjasafnið með safnkennara.

un, Skoletjenesten, sem skipuleggur skólaþjónustu og gerir kennslufni. Skoletjenesten er á vegum bæjarfélaganna og safnkennarar eru starfsmenn hennar, staðsettir á söfnunum.

Hér á landi er aðeins starfandi einn safnkennari, starfsmaður Fræðsluskrifstofu Reykjavíkur, sem einungis sinnir skólum borgarinnar, og ekki er einu sinni nein ákveðin fjárveiting fyrir flutningskostnaði nemenda milli skóla og safna, heldur eru ferðirnar greiddar af því fé, sem annars er varið í akstur í leikfimi og sundkennslu og á fleiri staði. Ef áhugi er hjá söfnum og skólum hér á landi á að auka skólaþjónustu, þurfa þessir aðilar að taka höndum saman og berjast fyrir því að viðkomandi yfirvöld veiti fé til þess að standa straum af kostnaðinum, því að ekki er hægt að ætlast til að skólaþjónusta sé í höndum safn-

varða, sem þegar eru ofhlaðnir verkefnum, þá verður hún aldrei annað en hvítleið kvöð.

Til þess að unnt sé að framfylgja tilætlunum námskrár, er augljós þörf á námsstjóra eða ráðgjafa um safnkennslu, einkum með tilliti til þess, hve afskiptir skólar á landsbyggðinni eru í þessu máli. Byggðasöfn hafa yfirleitt ekki á að skipa starfsliði, sem getur séð um kennslu og gerð kennslufnis. Fyrir flesta skóla úti á landi er safnferð líka erfitt framkvæmdaratriði, sem krefst mikillar skipulagningar. Einn möguleiki, sem sérstaklega mundi stórbæta úr þessu aðstöðuleysi landbyggðarskólanna er að láta safnið koma í skólann. Að gera safnkassa, litlar farandsýningar, sem skólarnir gætu fengið til láns. Slíkir kassar ættu að innihalda les-

efni fyrir kennara og nemendur, verk-
efni og svör við þeim, ljósmyndir,
teikningar eða veggspjöld, skyggjur,
ýmsa muni, e.t.v. kópíur af viðkvæm-
um eða fágætum slíkum, bókalista,
hljómsnældur og margt fleira. Náms-
stjóri ætti að geta gefið skólum ráð
og leiðbeiningar um hvernig hagnýta
mætti sérkenni heimabyggðarinnar
við kennslu í samfélagsfræði. Safn
þarf ekki að vera einhver afmörkuð
stofnun, allt umhverfi okkar er í raun-
inni safn.

Það sem er mest aðkallandi í þessum
málum er að skjóta á ráðstefnu um
safnkennslu. Það hafa margir aðilar
gert áhugaverða hluti, hver á sínum
slóðum, en það vantar umfjöllun um
þá. Til þess að grundvöllur geti skap-
ast fyrir safnkennslu, sem verðug er
að kallast því nafni, þarf að koma á
umræðu um stefnumörkun, þar sem
sjónarmið safna jafnt sem fræðslu-
kerfisins koma fram, áður en lagt er í
framkvæmdir.

Frá Seyðisfirði 1893, Ljósmyndari: Tempest Anderson Copia: Ljósmyndasafnið



SAFNFERÐ FYRIR SJÖTÍU OG SJÖ ÁRUM

Úr sendibréfi frá Halldóri Eiríkssyni til Eiríks Sigmundssonar

Lýsing sú sem hér fer á eftir er úr sendibréfi fimmtán ára skólapilts í Flensborgarskóla í Hafnarfirði, sem hann skrifaði föður sínum, bónda vestur á Fjörðum, 14. mars 1905. Segir í bréfinu frá mánaðarfríi er nemendur fóru fót-gangandi til Reykjavíkur að skoða söfn. Á þessum árum var Þjóðminjasafn Íslands — Forngripasafn Íslands — til húsa í Landsbankahúsinu nýja sem þá var. Auk Forngripasafnsins skoðuðu nemendur þennan dag Náttúrugripasafnið og minnisvarða, þ.e. legsteina, í kirkjugarðinum og komu enn fremur í Landsbókasafnið og Skjalasafnið. Ætlunin var að skoða einnig Málverkasafnið, en það var lokað þar sem verið var að undibúa viðtöku á listaverkagjöf Willard Fiske. Áður en lagt var af stað heim á leið, kom bréfitari við í búð Sturlu Jónssonar og keypti stórt pressujárn fyrir móður sína. Hélt hann á því suður og fannst, að eigin sögn síðar, járníð orðið æði þungt slóasta spólinn til Hafnarfjarðar!


E.E.G.



Bréfitari, Halldór Eiríksson, frá Hrauni á Ingjaldssandi, f. 2.5. 1889. Myndin er tekin fyrir vestan (á Ingjaldssandi eða Flateyri?), að Ilkindum sumarið 1905. Myndina tók Sæmundur Guðmundsson kennari og ljósmyndari.

...Í skóla þessum er það vani að gefa frí einn dag í mánuði hverjum, og eins hefir verið gert í vetur; einnig hefur það oftast verið vani að brúka þetta frí (marz-fríið) til þess að skoða söfnin. Við lögðum af stað í þessa ferð laugardagsmorguninn 4. marz; veður var fremur gott um daginn og komum við í Reykjavík kl. 11 um það leyti sem verið var að ljúka upp forngripasafninu. Þar gengum við inn og komum fyrst í herbergi, er í voru ýmsir gamlir útskornir munir svo sem: Askar, kassar, kefli o.fl. Þar var og langskip, þótt lítið væri, og herklæði flest nema brynja, úr henni var aðeins til dálítið brot, en eigi var það samt svo stórt að

eg gæti gert mér í hugarlund hvernig hún hafði verið, frekar en mér hefur verið frá sagt; einnig voru sverðin mjög ryðuguð, en samt mátti sjá hvernig þau höfðu verið bæði að lögun og stærð. Þegar við höfðum skoðað þetta komum við inn í annað herbergi; þar voru ýmskonar búningar framan af öldum, einkum kvenbúningar, og voru sumir þeirra mjög skrautlegir. Þar var og kaleikurinn gamli úr Hóla­kirkju og ýmsar myndir



Hús Landsbanka Íslands, reist 1898. Í þessu húsi var Forngripasafn Íslands frá 1899 til 1908, er það var flutt í Safnahúsið nýja við Hverfisgötu. Eftir mynd í Valtýr Guðmundsson, *Íslands kultur ved aarhundredeskiftet 1900* (Kbh., 1902), bls. 89.

er þaðan höfðu verið teknar. Þar sáust einnig allskonar peningar, og voru þeir mjög ólíkir eftir því hvort þeir voru ungir eða gamlir. Þar sá eg líka gamlan messuskrúða og var það hempan sem páfinn gaf Jóni byskupi Arasyni, og hefur það verið hið mesta gersemi meðan hún var ný, því Jón byskup var uppi á 16. öldinni en nú er sú tuttugasta byrjuð, og er hún þó mjög glæsileg enn þá. Þá er við höfðum skoðað þetta um stund, fórum við inn í hið þriðja herbergi og var það mun stærra en hin fyrri. Í þessu herbergi voru ýmsir hlutir og

yrði það of langt að telja þá alla hér. Þar sá eg gamla íslenzka vefstólinn, og er það eigi að undra þótt menn hafi verið seinir að vefa í honum, því mér virtist hann alls eigi vel lagaður til þess að vefa fljótt í honum; þar voru einnig ýmskonar söðlar frá fyrri tímum og voru þeir sumir gjörðir af mikilli list. Þarna sá eg **dægradvöl** og hef eg eigi séð hana áður; eg hafði mikla unun af að skoða þetta safn þótt það sé eigi stórt í samanburði við söfn í öðrum löndum. Eftir 1 kl. fórum við af þessu safni og ætluðum að skoða málverkasafnið, sem er í Alþingishúsinu, en þegar við komum þangað fengum við að vita að það var eigi hægt að sjá það sökum þess að búið var að pakka niður mikið af málverkum þess og byrjað á að breyta þar til ýmsu áður en málverk þau koma er maður einn utanlands að nafni Fiske hefur gefið því; þessi mál-



Alþingishúsið, reist 1881. Árið 1905 voru þrjú söfn í Alþingishúsinu: Listasafn Íslands, Landsbókasafn og Þjóðskjalasafn. Þar hafi einnig Forngripasafnið verið til húsa frá 1881 til 1899, en áður hafði það verið geymt á Dómkirkjuloftinu, 1863 til 1879 og í hegningarhúsinu 1879 til 1881. Þess má geta að Náttúrugripasafnið var í húsi Geirs Zoega á Vesturgötu 10 frá 1903 til 1908. Eftir mynd í *ibid.*, bls. 33.

verk eiga víst að koma í vor. Í Alþingishúsdyrnum er stórt líkneski úr gífsi af útilægumanni þar sem hann fer með konu sína dauða á bakinu og reku í hendinni og ætlar að fara að grafa hana; barn sitt ber hann í fanginu en rakkinn hleypur við hlið hans. Þessi mynd er mjög stór og tignarleg, og er hún gerð af hinum mesta hag-leik; mér sýndist hún svo úr garði gerð að hægt væri að selja hana fyrir nokkrar krónur. Í Alþingishúsinu eru líka landsbókasafnið og skjalasafnið; við komum snöggvást inn á skjalasafnið, en þar hafði eg ekki mikla skemmtun af að koma, því þar er eigi annað að sjá en fjöldann allan af pökkum sem liggja þar í hillum og maður má eigi snerta á. Á þessum söfnum voru tveir af kennurum okkar með okkur, það voru þeir síra Magnús og Ögmundur og skýrðu þeir dálftið út fyrir okkur. Þegar við vorum búnir að skoða þessi söfn var klukkan rúmlega 12, og áttum við þá eftir að koma inn á náttúrugripasafnið, en þangað var eigi hægt að komast fyrri en kl. 1. Sökum þess að sumir af okkur höfðum nú ekkert að gera þangað til þetta safn var opnað bauð síra Magnús okkur að koma með okkur upp í kirkjugarð og skoða þar ýmsa minnisvarða, og gerðum við það. Þegar við komum þangað sáum við þar ýmsa legsteina svo sem: Jóns Sigurðssonar, dr. P. Péturssonar, Helga Hálfðánarsonar og margra fleiri og eru þeir mjög fallegir, enda eru flestar grafir í garðinum skreyttar með fallegum minnisvörðum og prýðir það hann mjög. Eftir að hafa skoðað þetta eftir vild, fórum við inn á náttúrugripasafnið. Þetta safn hafði eg mjög mikið gaman af að skoða því þar sá eg þá margvísleg dýr sem við



Höggmynd Einars Jónssonar, Útlagar — eða Útilegumaðurinn, eins og bréfitari nefnir hana. Ljósmynd: Listasafn Einars Jónssonar.

höfum lesið um hér í vetur svo sem: Skeljar, krabba, kufunga o.s.frv. og hafði eg mjög mikið gaman af að veita þessu eftirtekt. Þar voru og margskonar fuglar útstoppaðir og egg þeirra, og var mjög gaman að skoða þetta. Þetta var nú síðasta safnið sem við höfðum til að skoða og vorum við þá reiðubúin að snúa heimleiðis. Áður en eg lagði af stað, úr Reykjavík, kom eg þar inn í búð Sturlu Jónssonar og keypti þar pressujárnið fyrir mömmu af því þú skrifaðir mér að gera það; ekki veit eg hvort mömmu muni líka það af því að það er nokkuð stórt; það kostaði kr. 4.25; eg er að hugsa um að senda það ekki fyrr en, ef guð lofar mér að lifa, og eg kem sjálfur.....



Ljósmynd þessi er tekin út úr panoramamynd eftir Magnús Ólafsson ljósmyndara.
Í safni Magnúsar er að finna fjölda panoramamynda og eru þær allar hinar glæsilegustu.

ÁSKRIFT

Tímaritið LJÓRI, Box 1439,
121 Reykjavík s. 91-13264.
Dreifing: Guðný Gerður
Gunnarsdóttir,
s. 91-84412.

RITSTJÓRN

Guðmundur Ólafsson, ábm.
Mjöll Snæsdóttir
Þorsteinn Jónsson



EFNISYFIRLIT

Frá ritstjóra	bls. 2
Halldór J. Jónsson: Svipmyndir úr Íslandsferð	3
Inga Lára Baldvinsdóttir: Ljósmyndasöfnun og Þjóðminjasafnið	8
Ívar Gissurarson og Þorsteinn Jónsson: Ljósmyndasafnið	13
Guðmundur Ólafsson: Ábendingar um geymslu á filmum og myndum	20
Sólveig Georgsdóttir: Um skipulag skólaþjónustu	22
Úr sendibréfi frá Halldóri Eiríkssyni til Eiríks Sigmundssonar. Safnferð fyrir sjötiu og sjö árum.	27

